

Vorfundur Gammadeildar

27. maí 2009

Mættar voru: Björg, Helga, Hrefna, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Margrét, Pálína, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður, Stefanía, Svana, Vilborg og Þórunn

Lagt var af stað í rútu frá bílastæðinu bak við Verslunarskólann kl. 17:00 Kælivatn þurfti á rútuna áður en lagt var í ferðina. Haldið var suður með sjó og var fyrsti viðkomustaður Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd. Vatnsleysuströndin ber nafn sitt með rentu, þar sem engir lækir sjást ofan jarðar á svæðinu.

Símon Kristjánsson sóknarnefndarmaður og hringjari tók á móti hópnum og greindi frá sögu staðarins og kirkjunnar. Kirkjan er byggð eftir teikningu dansks arkitekts, þess sama sem teiknaði Dómkirkjuna í Reykjavík og ber hún merki þess. Henni er vel við haldið og umhverfið snyrtilegt. Konur litu einnig inn í safnaðarheimilið við hliðina á kirkjunni. Frá Kálfastrandarkirkju sést vel á golfvöll sem iðaði af fólki sem nýtti sér veðurbliðuna þetta kvöld. Símon greindi frá því að aðsóknin að golfvöllinum frá höfuðborgarsvæðinu væri mjög vaxandi enda ekki amalegt að ganga um þennan fallega og velskipulagða völl og ekki svo langt fyrir fólk að fara. Kirkjan er vinsæl til margs konar athafna.

Næsta stoppistöð var Naustakot þar sem Björg formaður á hluta í gömlu húsi ásamt mörgum ættmennum sínum (1/35). Faðir Bjargar ólst upp í Naustakoti sem var töluvert minna en nú. Þegar hann var orðinn smiður stækkaði hann húsið. Ótrúlegt, er að sjá hve lítil húsakynni gátu verið fyrir fjölda fólks. Þröngt máttu sáttir sitja. Magnús eiginmaður Bjargar var kominn á staðinn og tók á móti hópnum í Naustakoti með léttum veitingum. Hópurinn staldraði við um stund og spjallaði. Húsinu hefur verið viðhaldið í gömlum stíl innanhús sem utan. Konum þótti einstaklega gaman að skoða veggskraut hússins og hannyrðir. Rifjað var upp margt áhugavert frá gamalli tíð. Tvær Gammakonur auk Bjargar þ.e. Hrefna og Rannveig Löve eiga tengsl við þetta svæði, ættir að rekja þangað og uppruna. Allar miðluðu þær af reynslu sinni og sögðu frá minnisstæðum atburðum úr lífi sínu sem Gammasystur höfðu ómælda ánægju af að heyra um. Rannveigu og Björgu var tíðrætt um Viktoríu kennslukonu sem kenndi m.a. Rannveigu og systkinunum í Naustakoti. Viktoría var vel menntaður kennari sem öllum sem til þekktu var minnisstæð og hafði augljóslega einstaklega góð áhrif á nemendur sína eins og vera ber.

Kvöldverður var snæddur á veitingastaðnum Duus-húsi í Keflavík. Þar gæddu Gammakonur sér á sjávárréttum að hætti hússins og kaffisopa. Ferðin gekk í alla staði vel, þó að rútan hafi verið svolítið eins og á síðasta snúning, vatnslaus af og til, var hún kannski bara í takt við svæðið sem ekið var um. Trekkja þurfti bifreiðina í gang við hvert stopp og því alltaf spennandi að fylgjast með hvernig til tækist. Helga las fundargerð síðasta fundar Gammadeildar í rúttunni þar sem Þórunna Jónsdóttir, ein af stjórnendum Auðar Capital, var gestur fundarins. Þórunn var með gítarinn í för og tekin voru nokkur lög á leiðinni. Heimferðin gekk eins og í sögu og var hópurinn kominn á leiðarenda skömmu fyrir kl. 23:00

Helga G. Halldórsdóttir ritari